



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 8b – Breytingartillaga við þingskjal nr. 8

Reglugerð um körfuknattleiksmót

18. Grein

ÚRVALSDEILD KARLA

a) Deildarkeppni

~~Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.~~

Deildin skal skipuð 12 liðum. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þegar leikin hefur verið tvöföld umferð skal skipta deildinni upp í tvo hluta, A-deild er með liðum í 1.-6. sæti og B-deild er með liðum í 7.-12. sæti og leikin er ein umferð í hvorri deild. Alls eru þá leiknir 27 leikir í heildina.

Liðið í efsta sæti A-deild að lokinni keppni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar. Efsta lið A-deildar telst vera 1. sæti úrvalsdeildar o.s.frv. og efsta sæti B deildar telst vera 7. sæti úrvalsdeildar o.s.frv
[...]

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld